

135 að var, að upphæð 94 kr. 30a., hefir vísað til skipseigandanna, en þeir hafa ekki svarað
17. sept. neinu upp á erindi það, sem «board of trade» beindi að þeim í þessa stefnu.

Ráðgjafinn hefir út af þessu hlutazt til þess, að 80 kr. 50 a., er samkvæmt skýrslu utanríkisráðgjafans er sá hluti, sem hinum íslenska landssjóði ber af hinu endurgoldnu upphæð, verði greiddar í aðalríkissjóðinn sem tekjur fyrir jarðabókarsjóð Íslands.

Jafnframt því að skýra yður, herra landshöfðingi, frá hinu framantalda til þóknanlegrar leiðbeiningar, virðist ráðgjafanum ástæða til, eftir því sem fram er komið, að leiða athygli yðar að því, að þegar haft er tillit til þeirra örðugleika, sem eru því samfara að fá útgjörðarmenn, farmseigendur eða aðra hlutaðeigendur, til að endurgjalda landssjóði þá upphæð, sem bjarglaunin fyrir vörur af skipum þeim, sem brotna við strendur Íslands, kynnu að verða meiri, en uppboðsverði varanna svarar, mun það vera hollast fyrir landssjóðinn, að samningur um björgun skips og vara, þegar svo stendur á, að ekki verður sjeð með vissu, að verðupphæð vara og skips vinnist til lúkningar á bjarglaununum, sje gjörður á þann hátt, sem til er tekið í lögum um skipaströnd frá 14. janúar 1876 § 7. síðara kafla, og borgun sje ekki ákveðin í daglaunum, heldur takmörkuð, eins og til er tekið í greininni, þannig, að bjarglaunin verði nokkur hluti af verðupphæð hins bjargaða fjár.

136 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um*
19. sept. *borgun aukatekja.* — Eftir að hafa meðtekið álit yðar, herra amtmaður, um erindi sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, þar sem hann fer þess á leit, að sjer verði leyft að borga aukatekjur með ávísunum hljóðandi upp á borgun 3 mánuðum eftir sýningu — vil jeg biðja yður að tjá nefndum sýslumanni þetta: Það leiðir af því, að flestöll embættisverk þau, sem aukatekjur eru ákveðnar fyrir, eiga að borgast fyrirfram, að optast getur það eigi komið til tals, að taka innskript eða ávísun frá kaupmanni, sem gilda borgun upp í þessar tekjur. Spurningin virðist, eins og sýslumaðurinn einnig bendir á, að eins að geta komið fram við skipti á búum, sem ekkert uppboð er haldið í, en annaðhvort eru afhent (extraderuð) erfingjum eða skuldheimtumönnum ellegar skipt eftir virðingu. Það virðist nú, þegar svo er ástatt, ekki geta verið neinum örðugleikum bundið á þeim skiptafundi, þar sem gjört verður út um það, hvort uppboð eigi að fara fram í búinu eða ekki, að ætla á, hvað skiptakostnaður og erfðagjald í búinu muni verða, og aðvara hlutaðeigendur um, að útvega tímanlega sje það, sem með þarf í þessi gjöld, en skyldi í einstökum tilfellum ekki verða mögulegt að láta hlutaðeigandi erfingja eða skuldheimtumenn fá mátulegan frest til að útvega peningana, get jeg ekki sjeð neitt verulegt því til fyrirstöðu, að tekin yrði sem gild borgun innskript hjá áreiðanlegum kaupmanni og 3 mánaða ávísun.

137 — *Agrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um*
20. sept. *styrk til landbúnaðarnáms.* — Samkvæmt tillögum amtsráðs suðurumdæmisins var af fje því, er með fjárlögunum fyrir 1878 og 1879 var veitt til eflingar landbúnaði og sjávarútvegi, veittur Birni Bjarnarsyni frá Vatnshorni 200 kr. styrkur til að halda áfram námi sínu við landbúnaðarskólann á Stend og með þeim skilyrðum, að hann á eftir starfi að jarðabótum í suðurumdæminu, og að hann sjerstaklega búi sig undir að geta sagt fyrir um framkvæmdir til að stemma stigu fyrir sandfoki,